


Atriði sem vert er að hafa í huga

# Hjólbarðamerkimiðinn




**Hjólbarðamerkimiðinn tók gildi á Íslandi frá og með 17. október 2022.**

**Hjólbarðamerkimiðinn gildir fyrir hjólbarða í flokkum:**

C1 (fólksbílar),
C2 (t.d. flutningabílar og smærri vörubílar) og
C3 (t.d. stórir vörubílar).

Áður fyrr var ekki krafa að hjólbarðar í flokki C3 væru merktir.

## Vöruupplýsingablað

Vöruupplýsingablað er staðlað skjal, útprentað eða á rafrænu formi sem inniheldur eftirfarandi upplýsingar:

- **a)** viðskiptaheiti eða vörumerki birgis eða framleiðanda, ef framleiðandinn er ekki sá sami og birgirinn,
- **b)** auðkenni gerðar hjólbarða
- **c)** stærðarmerkingu hjólbarða, burðarstuðul og tákn fyrir hraðaflokk eins og tilgreint er í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 30 eða reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 54 fyrir hjólbarða í flokki C1, hjólbarða í flokki C2 og hjólbarða í flokki C3, eftir því sem við á,
- **d)** eldsneytisnýtniflokk hjólbarða,
- **e)** flokk hjólbarða að því er varðar veggrip á blautum vegi,
- **f)** flokk ytri snúningshávaða og gildi í dB,
- **g)** upplýsingar um hvort hjólbarðinn sé hjólbarði til notkunar í miklum snjó,
- **h)** upplýsingar um hvort hjólbarðinn sé hjólbarði með veggrip á ís,
- **i)** dagsetninguna þegar framleiðsla hófst á gerð hjólbarða (tveir tölustafir fyrir vikuna og tveir tölustafir fyrir árið),
- **j)** dagsetninguna þegar framleiðslu lauk á gerð hjólbarða, þegar hún er þekkt (tveir tölustafir fyrir vikuna og tveir tölustafir fyrir árið)

**Þessar upplýsingar eiga að koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir hjólbarðanum.**